

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps**  
**2008-2020, Snæfoksstaðir.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 21. nóvember 2013 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 2. október 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 17. október 2013.

Breytt er afmörkun frístundabyggðarsvæðis Rauðhólahverfis, sem liggur sunnan Biskups-tungnabrautar og Vaðnesvegjar. Annars vegar verða 6 ha á norðausturhluta svæðisins skilgreindir sem landbúnaðarsvæði og hins vegar stækkað frístundabyggðarsvæðið til suðvesturs um 6 ha. Heildarstærð frístundabyggðarsvæðisins breytist ekki og fjöldi lóða og byggingarmagn verður óbreytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 21. nóvember 2013.*

F.h. forstjóra,

**Hafdís Hafliðadóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*